

því, ef menn skila eigi skýrslum þeim, er getið er um í 9. gr., þrátt fyrir sérstaka kröfu Hagstofu Íslands um að gera slíka skýrslu.

50
27. júní

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

51
27. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „þó ekki yfir 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár“ í 14. gr. laganna komi: þó má gjald þetta ekki nema hærrí upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi það ár. Skal verksmiðjugjaldið áætlað í fjárhagsáætluninni áður en útsvör eru ákveðin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

52
27. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjar- eða sveitarstjórnnum er heimilt, í samráði við ríkisstjórnina, að gera hvers konar ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum og verja til þess nauðsynlegu fé, er greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.